

Innfelldur birtustillir
 pöntunar-nr : 2102 00
Útanáliggjandi birtustillir
 pöntunar-nr : 2103 00

notkunnarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar


Einungis faglærðir rafvirkjar mega sjá um innbyggingu og uppsetningu rafmagnstækjanna.

Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur tækið skemmst, eldur komið upp eða önnur hættu skapast.

Ekki má stytta ljósleiðistafinn, slípa hann eða breyta honum með öðrum hætti.


Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing



mynd 1: Innfelldur birtustillir

- (1) Birtustillir
- (2) Lok
- (3) Skrúfgöt
- (4) Bus-tengiklemma
- (5) Forritunarhnappur
- (6) Ljósleiðistafur sem ljósið fellur beint á
- (7) Ljósleiðistafur sem ljósið fellur skáhallt á
- (8) Skynjaraop



mynd 2: Utanáliggjandi birtustillir

(9) Utanáliggjandi hús

3 Virkni

Rétt notkun

- Til að mæla og stilla lýsingu í innanrými
- Til að festa á stöðugt loft
- Innfellt tæki: Til uppsetningar í tækjadós samkvæmt DIN 49073

Eiginleikar vöru

- Stöðug birtustilling fyrir ljós með dimmer
- Skiptir á milli tveggja punkta fyrir ljós sem kveikt/slökkt er á
- Innbyggð tenging við Bus
- Spennugjöf um Bus
- Sendir mæligildi, skipti- og deygildi
- Hægt að breyta óskgildi meðan á notkun stendur
- Hægt að kveikja og slökkva á stillingu meðan á notkun stendur

4 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

4.1 Uppsetning og tenging við rafmagn



HÆTTA!

Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað.

Raflost getur verið banvænt.

Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!


Val á uppsetningarstað

Tækið mælir birtustigið á vinnufleti. Velja skal uppsetningarstaðinn þannig að tækið geti mælt birtustigið á vinnufletinum hnökralaust.

Ljós sem fellur beint á skynjarann eða endurkastast af glansandi flötum skekkir niðurstöður mælingarinnar og hefur þannig áhrif á birtustillinguna. Til að birtustillirinn virki rétt verður hann eingöngu að mæla ljós með dreifðu endurkasti.

i Við afhendingu tækisins er ljósmælingin stillt fyrir uppsetningu í 2,50 m hæð beint yfir vinnufleti í 0,75 m hæð með u.p.b. 30% endurkasti. Ef setja á birtustillinn upp við aðrar aðstæður skal kvarða hann (Sjá kafla 4.2. Búnaðurinn tekinn í notkun).

- Festið birtustillinn í loftið beint fyrir ofan vinnuflötinn (mynd 3).




mynd 3: Ljósleiðistafur sem ljósið fellur beint á

H Lofthæð

a Hæð vinnuflatar

Ø Þvermál mæliflatar:
 $\text{Ø} = (H - a) \cdot 0,54$

- Ef ekki er hægt að setja birtustillinn upp beint fyrir ofan vinnuflötinn skal setja hann upp skáhallt frá vinnuflötinum (mynd 4). Skynjunarsviðið er þá til hliðar við flötinn sem á að mæla.



mynd 4: Ljósleiðistafur sem ljósið fellur skáhallt á

b Breidd mæliflatar:
 $b = (H - a) \cdot 0,6$

t Dýpt mæliflatar:
 $t = (H - a) \cdot 0,56$

Tenging og uppsetning innfellds tækis

Notið tækjadós sem samræmist DIN 49073. Skrúfgötin (3) í lokinu (2) passa við útlínur tækjadósarinnar.

- Tengjið tækið (1) við Bus-leiðsluna með Bus-tengiklemmunni (4).

- Úthlutið raunvístfangi (Sjá kafla 4.2. Búnaðurinn tekinn í notkun).
- Setjið tækið í tækjadósina.
- Skrífið lokið (3) á tækjadósina með meðfylgjandi festiskrúfum.

Tenging og uppsetning utanáliggjandi tækis

- Festið utanáliggjandi húsið (9) við loftið.
- Tengið tækið (1) við Bus-leiðsluna með Bus-tengiklemmunni (4).
- Úthlutið raunvístfangi (Sjá kafla 4.2. Búnaðurinn tekinn í notkun).
- Setjið tækið með lokinu (2) á utanáliggjandi húsið. Festið lokið á utanáliggjandi húsið með því að snúa lokinu.

4.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

Raunvístfangi og verkbúnaði hlaðið inn

Forritunarljósið er í skynjaraopinu (8) á framhlið tækisins.

- Setjið Bus-spennu á.
- Styðjið á forritunarhnappinn (5).
Forritunarljósið blikkar.
- Úthlutið raunvístfangi.
Forritunarljósið slokknar.
- Skrífið raunvístfangið á miðann á tækinu.
- Hlaðið verkbúnaðinum í tækið.

Ljósleiðistafur sem ljósið fellur beint á settur í

Birtustillirinn er beint fyrir ofan vinnuflötinn (mynd 3).

- Setjið ljósleiðistaf sem ljósið fellur beint á (6) u.þ.b. 10 mm inn í skynjaraopið (8).

Ljósleiðistafur sem ljósið fellur skáhallt á settur í

Birtustillirinn er skáhallt yfir vinnuflötinum (mynd 4).

- Setjið ljósleiðistaf sem ljósið fellur skáhallt á (7) u.þ.b. 10 mm inn í skynjaraopið (8).
- Komið ljósleiðistafnum (7) þannig fyrir að lengri hlið hans vísi að vinnuflötinum sem á að mæla (mynd 4).

i Ef notaður er ljósleiðistafur sem ljósið fellur skáhallt á (7) skal kvarða birtustillinn.

Birtustillirinn kvarðaður

Uppsetningarhæðin, lýsingin og endurkastið af yfirborðsflötum í rýminu hafa áhrif á birtustillinn. Kvarða skal birtustillinn til þess að birtustillingin eða mælingin á birtustigi verði eins nákvæm og kostur er eða ef notaður er ljósleiðistafur sem ljósið fellur skáhallt á (7).

Birtustillirinn er kvarðaður með Bus-boðunum **Kvarða óskgildi**. Birtustillirinn verður að vera forritaður með þeim hætti að hægt sé að taka á móti þessum boðum.

Kvarðið birtustillinn þannig að eins lítil dagsbirta falli á hann og kostur er. Ef þörf krefur skal myrkva herbergið.

Notið kvarðaðan lúxmæli.

- Kveikið á ljósinu sem á að stilla yfir vinnuflötinum.
- Mælið styrk lýsingarinnar á vinnuflötinum.
- Stillið ljósið þannig að lúxmælirinn sýni rétt óskgildi, t.d. 500 lúx.
- Sendið boðin **Kvarða óskgildi** til stillisins um Bus.

i Ítarlegar leiðbeiningar um kvörðun birtustillisins er að finna í tæknihandbók hans.

5 Viðauki

5.1 Tæknilysing

Innfeldur birtustillir, pöntunar-nr 2102 00

Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu- og flutningshitastig	-25 ... +70 °C
Hlutfallslegur loftraki	hám. 93 % (Engin dög)
Öryggisstig	III
Mælisvið	0 ... 2000 lx
Mál L×B×H (án loks)	50×35×15 mm
Þyngd	u.þ.b. 30 g
KNX-miðill	TP 1
Byrjunarhamur	S-hamur
Máspenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
Straumnotkun KNX	15 mA
Tegund tengingar KNX	Tengiklemma

Útanáliggjandi birtustillir, pöntunar-nr 2103 00

Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu- og flutningshitastig	-25 ... +70 °C
Hlutfallslegur loftraki	hám. 93 % (Engin dög)
Öryggisstig	III
Mælisvið	0 ... 2000 lx
Mál Ø×H (án ljósleiðara)	u.þ.b. 70 x 33 mm
Þyngd	u.þ.b. 50 g
KNX-miðill	TP 1
Byrjunarhamur	S-hamur
Máspenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
Straumnotkun KNX	15 mA
Tegund tengingar KNX	Tengiklemma

5.2 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-399

www.gira.de
info@gira.de